

Ágætu sveitarstjórar,

Stjórn UTU bs. samþykkti á fundi sínum þann 13. október 2021 fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2022 með eftirfarandi bókun:

1. Fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2022

Jóhannes kynnti drög að fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2022. Við gerð hennar var stuðst við ársreikning ársins 2020, fjárhagsáætlun ársins 2021 auk upplýsinga úr bókhaldi embættisins fyrstu 9 mánuði ársins 2021.

Áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaður embættisins árið 2022 verði alls 174.957.234 kr. sem skiptist niður á aðildarsveitarfélögin samkvæmt samþykktum hlutföllum. Alls er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættisins hækki um 3,2% frá árinu 2021.

Fjárhagsáætlunin tekur tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana sem og vísitöluhækkunar launa. Samtals er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld hækki um 5,2% milli ára.

Gert er ráð fyrir að embættið flytjist í nýtt húsnæði innan Laugarvatns síðla árs 2022 og er áætlaður sérstakur kostnaður vegna þess 2,5 mkr. Einnig er gert ráð fyrir að ein bifreið embættisins verði endurnýjuð síðari hluta ársins þar sem lagðar verði út 2,5 mkr. auk söluandvirðis bifreiðarinnar upp í nýja bifreið.

Stjórn UTU bs. samþykkir framlagða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2022 og vísar henni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi skiptingu framlaga frá hverju aðildarsveitarfélagi – um er að ræða 3,2% hækkun á framlögum milli ára:

Sveitarfélag	Skipti prósentu áætlunar 2020, 2021, 2022	Skipting framlaga 2022	Áætluð mánaðarleg framlög 2022:	Hækkun/lækkun frá 2021:
SKOGN	10,0%	17.495.723	1.457.977	45.297
Hrunam.hr.	10,0%	17.495.723	1.457.977	45.297
GOGG	32,0%	55.986.315	4.665.526	144.949
Flóahr.	10,0%	17.495.723	1.457.977	45.297
Blásk.byggð	32,0%	55.986.315	4.665.526	144.949
Ásahr.	6,0%	10.497.434	874.786	27.178
	100,0%	174.957.234	14.579.769	452.965

Fjárhagsáætlunin fylgir hér með sem excelskjal í viðhengi. Athugið að excelskjalið inniheldur tvær krækjur (sheet), áætlunina sjálfa og samantekt.

Einnig fylgir með undirrituð fundargerð 90. fundar stjórnar UTU bs. þar sem fjárhagsáætlunin var tekin fyrir.

Fjárhagsáætlunin þarfnast staðfestingar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samþykktum UTU bs.

Vinsamlegast leggið fjárhagsáætlunina fyrir á næsta sveitarstjórnarfundum hjá ykkur til staðfestingar.

Bestu kveðjur,
Jóhannes Hr. Símonarson
Framkvæmdastjóri



Dalbraut 12, 840 Laugarvatn

Sími: 480-5550

Veffang: www.utu.is

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>